

## Fundargerð sjöunda fundar skráningarráðs Gagnis fimmtudaginn 4. mars 2004

haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Herdís Tómasdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Fanney Sigurgeirsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Sigrún Hauksdóttir sátu fundinn auk skráningarráðs.

### 0. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með þeim athugasemdum sem borist höfðu.

### 1. Sameining Fengs og Gagnis

Sigrún Hauksdóttir skýrði frá gangi mála. Stefnt er að því að enduropna Gagni þann 5. apríl næstkomandi. Sameiningin hefur gengið hægt, m.a. vegna þess að skráning í kerfunum tveim (gamla Gagni og Feng) er ólík. Sameinuðu færslurnar þurfa því oft lagfæringar við. Deilisvið 260\$c (ártal) hefur m.a. verið erfitt og förlög eru skráð á mismunandi hátt. Færslur eru paraðar saman eftir höfund, titli, útgáfudári og ISBN númeri. Fram kom að verri er að sameina of mikið en of lítið því erfiðara er að rekja í sundur færslur en að sameina þær eftir á. Mikil samræmingarvinna er eftir og spurning er hvernig á að standa að henni. SAZTEC færslur eru erfiðar því í margar þeirra vantar allt 260 sviðið en í aðrar aðeins ártalið. Færslurnar sameinast ekki „fallega“, þ.e. 260 sviðið er t.d. tvöfalt, líka 700 sviðið. Efnisorð Fengs fara í sérstakt svið, 692.

Fram kom að Borgarbókasafn skráir útgáfustað í nefnifalli en er oftast í þágufalli í gamla Gagni. Þetta þarf að samræma. Hugsanlega væri hægt að breyta þessu kerfislega í einni aðgerð og hentugast væri að breyta áður en gagnagrunnarnir eru sameinaðir. Málið var rætt útfrá ýmsum sjónarhornum.

Ákveðið var á fundinum að hafa útgáfustað framvegis í nefnifalli. Rökin fyrir þeirri ákvörðun eru að útgáfustaður kemur oftast fram í nefnifalli á ritum og meginregla í skráningarreglunum er að fara eftir því sem stendur á ritum og því er ekki æskilegt að færa orð yfir í þágufall. Ef þágufall væri notað væri það í eina skiptið sem orðmynd væri breytt frá þeirri orðmynd sem er á riti. Ennfremur er álitnið að notendur leiti frekar eftir útgáfustað í nefnifalli en þágufalli og vega þau rök þungt að mati fundarmanna.

### 2. 008-sviðið Bækur

Lagt var fram til kynningar skjalið 007 og 008 - Bækur (fskj.) sem Ragna Steinarsdóttir hafði tekið saman og það rætt. Meðal annars var rætt hvað af þáttunum ættu að vera sjálfgefni og hvar ættu að koma villuboð. Einnig var rætt hvaða form (e. template) eigi að hafa uppi til að skrá í. Nokkur form eru þegar kom í kerfið en það þarf að útbúa fleiri. Ragna vinnur áfram með skjalið og verður það síðan tekið fyrir aftur síðar.

### 3. Skráningarheimildir

Lagt fram bréf frá landsbókaverði um kröfur til skrásetjara í Gegni, dags. 23. febrúar síðastliðinn. Í bréfinu er spurt hvort búið sé að skilgreina þær kröfur sem gerðar eru eða gera á til skrásetjara sem skrá efni í Gegni. Spurt er um skilgreiningar sem liggja að baki skráningarheimilda. Safnið þarf m.a. á ofangreindum upplýsingum að halda því til stendur að erlendir bókasafnsfræðingar komi til landsins í sumar til að skrá erlend söfn sem tímabundin verkefni.

Fram kom á fundinum að umrædd erlend söfn eru safn Alliance Francais og Goethe-Zentrum.

Formaður skráningarráðs lagði fram tillögu um þær kröfur sem liggja að baki skráningarheimilda.

Samþykkt var að til að fá skráningarheimild í Gegni þurfi umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að vera bókasafns- og upplýsingafræðingur.
- Að hafa sótt námskeiði í skráningu í Gegni hjá Landskerfi bókasafna. Til þess að geta sótt slíkt námskeið þarf viðkomandi að geta sýnt fram á að hann/hún kunni skil á skráningarhugtökum og MARC-sniði.

Ritstjóri Gegnis hefur eftirlit með nýjum skrásetjurum. Standist þeir ekki kröfur áskilur skráningarráð sér rétt til að afturkalla skráningarheimildir. Reglur um skráningarheimildir verða endurskoðaðar reglulega.

Formaður skráningarráðs svarar bréfi landsbókavarðar.

### 4. Önnur mál

#### a. Skráning myndbanda

Lögð var fram til kynningar samantekt Fanneyjar Sigurgeirsdóttur um skráningu myndbanda sem verður tekin fyrir á næsta fundi. (fskj.)

#### b. Greiniskráning tímarita

Auður Gestsdóttir lagði fram bréf til Bókasafns- og upplýsingasviðs Landspítala, háskólasjúkrahúss varðandi skiptingu milli bókasafna á greiniskráningu tímarita í nýja Gegni og ennfremur svarbréf frá Bókasafns- og upplýsingasviði Landspítala, háskólasjúkrahúss þar sem fram kemur hvaða tímarit safnið óskar eftir að greiniskrá. (fskj.)

#### c. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn á sama stað þann 1. apríl næstkomandi.

*Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð sunnudaginn 7. mars 2004*